Áminningarkort fyrir sjúkling

Nafn læknis:

Sími:

Isotretinoin ratiopharm má ekki nota á meðgöngu.

Isotretinoin ratiopharm getur valdið ófæddu barni alvarlegum skaða ef það er tekið á meðgöngu.

Ef þú verður barnshafandi eða þig grunar að þú gætir verið barnshafandi skaltu strax hætta að taka Isotretinoin ratiopharm og hafa samband við lækninn þinn.

Lestu fylgiseðilinn vandlega áður en þú hefur meðferðina.

Leitaðu ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi ef þú hefur spurningar eða áhyggjur vegna töku Isotretinoin ratiopharm.

Ef þú gætir hugsanlega orðið barnshafandi þarft þú að gera eftirfarandi:

- **Þú verður að nota að minnsta kosti eina mjög örugga getnaðarvörn (til dæmis lykkju eða vefjalyf) eða nota með réttum hætti tvær öruggar getnaðarvarnir sem virka á misjafnan hátt (til dæmis getnaðarvarnarpillu ásamt smokk) áður en meðferð hefst, allan tímann meðan á meðferð stendur og í einn mánuð eftir að meðferð lýkur.**
- **Þú mátt ekki verða barnshafandi** meðan þú ert að taka Isotretinoin ratiopharm, né í einn mánuð eftir að meðferð lýkur.
- **Þú verður að hitta lækninn þinn reglulega og taka þungunarpróf með reglulegu millibili:**

- Áður en þú hefur meðferðina þarft þú að taka þungunarpróf, sem verður að vera neikvætt.

- Til að ganga úr skugga um að þú sért ekki barnshafandi meðan á meðferðinni stendur þarft þú að taka þungunarpróf reglulega, helst mánaðarlega. Þú átt einnig að taka þungunarpróf einum mánuði eftir að meðferð lýkur.

Áminning fyrir karla og konur

Þessu lyfi hefur verið ávísað fyrir þig eingöngu, **þú mátt ekki deila því með neinum og þú verður að skila ónotuðum hylkjum aftur í apótekið.**

Tímatafla

Notaðu þessa töflu til að skrá niður hvenær þú átt að hitta lækninn þinn:

Nafn læknis:
Sími:

Dagsetning læknisheimsóknar	Getnaðarvörn sem notuð er	Niðurstaða úr þungunarprófi	Undirskrift læknis
		☐ Jákvætt ☐ Neikvætt Dagsetning:	
		☐ Jákvætt ☐ Neikvætt Dagsetning:	
		☐ Jákvætt ☐ Neikvætt Dagsetning:	
		☐ Jákvætt ☐ Neikvætt Dagsetning:	
		☐ Jákvætt ☐ Neikvætt Dagsetning:	
		☐ Jákvætt ☐ Neikvætt Dagsetning:	
		☐ Jákvætt ☐ Neikvætt Dagsetning:	